

19.10.2019–05.01.2020

Ólöf Nordal

Úngla

Úngl

Titill sýningarinnar Úngl vísar í þjóðsöguna af Kolbeini jöklaskáldi sem sat á Þúfubjargi undir Jökli og kvaðst á við Kòlska. Skyldi hvor þeirra sem ekki gæti botnað vísu hins steypast fram af bjarginu. Þeim gengur vel að botna vísuparta hvor annars uns Kolbeinn dró upp hníf og hélt honum þannig að eggina bar við glyrnur Kòlska og kvað:

Horfðu í þessa egg, egg,
undir þetta tungl, tungl.

Þetta getur Kòlski ekki botnað því ekkert íslenskt orð rímar við „tungl“. Reiðir þá Kolbeinn sjálfur fram botninn:

Ég steypi þér þá með legg, legg,
lið sem hrærir úngl-, úngl-.

Þar með steypist Kòlski fram af bjarginu. Skáldið er ekki véfengt og skapandi nálgun þess við tungumálið hlýtur sigur. Máttur frjórrar hugsunar er ekki dreginn í efa. Sköpunargáfan og sá kraftur sem henni fylgir býr til sinn eigin sannleika og gefur okkur sem fyrir verðum tækifæri til að upplifa nýja hugsun eða nýja nálgun við eldri viðfangsefni. Þannig leitar Ólöf Nordal í brunn sagna og menningar fyrri tíma til að skapa okkur nýjan sannleik. Í öllum verkum hennar má sjá hvernig hún nýtir uppruna sinn og þekkingu á íslenskri þjóðmenningu til þess að ávarpa ýmis aðkallandi viðfangsefni samtímans.

Þessi yfirlitssýning á verkum Ólafar dregur fram sérstöðu listamannsins í íslensku listalífi. Sagnir, þjóðleg arfleifð og menningarlegt minni eru henni uppspretta hugmynda sem hún finnur farveg í ólíkum miðlum. Með því að rýna í fortíðina veltir hún upp spurningum um

samtíma okkar og framtíð. Hver er sú arfleifð sem mótar sjálfsmynd samtímans? Hvað er satt og hvað er logið? Sýningin teygir sig út á ganga safnsins og hverfist um leiðarstefin upprunaleika, safn, jörð og náttúru.

Elsta verkið á sýningunni, *Í rökkrinu*, er skúlptúr frá árinu 1992. Tveir stokkar, annar hvítur og hinn svartur, eru skreyttir íslensku mynstri og í útskurði hvíta stokksins er Lýsi. Í verkinu mætast nútíð og fortíð en Lýsið, ljósgjafi fyrri tíma, undirstikar nafnið og vísun verksins í ljósaskiptin, hins óræða tíma á milli birtu og myrkurs þegar allt getur gerst. Menningarlegt minni og sameiginlegur arfur eru óáþreifanlegir kraftar sem móta afstöðu áhorfandans til verka Ólafar. Ekki verður hjá því komist að leiða hugann að aðgengi að og vitund um þá þekkingu og arfleifð sem listamaðurinn sækir í. Hér eru oft á ferðinni vísanir í séríslenskar sagnir eða fyrirbæri sem aðeins sá sem þekkir til íslenskrar menningarar fleifðar hefur fullan aðgang að. Vitund um sannleiksgildi og uppruna vísana sem finna má í verkunum er þó ekki nauðsynleg til að verkin öðlist líf og hafi gildi fyrir þann sem á horfir. Hver kynslóð les fortíðina með sínum hætti og skapar sinn eigin sannleik við lestur verkanna.

Mörg verka Ólafar sækja innblástur í þjóðsögur ýmist skráðar eða óskráðar, sagnir sem gengið hafa mann fram af manni og mótast í munnlegri geymd. Hvar liggur sannleikurinn í þjóðsögunni og hvernig heldur hún áfram að þróast? Er til upprunaleg og rétt þjóðsaga? Hvernig verða þjóðsögur samtímans til og í hverju felst upprunaleiki þeirra? Í verkinu *Skoffín* birtir Ólöf mynd af uppstoppuðu skoffinni sem varðveitt er hjá Náttúrufræðistofnun á Akureyri. Skoffínið

er ættað af Flateyjardal og fylgir skráningu þess hjá safninu frásögn af tilurð þess. Frásögn sem ekki var véfengd í áratugi en hefur nú verið dregin í efa fyrir tilstuðlan erfðafræðinnar. Hverfur gildi þjóðsögunnar þegar vísindin afhjúpa sína hlið á sannleikanum? Í þessu verki sameinast þrjú meginstef verka Ólafar. Sannleikurinn sem þjóðsagan ber frá kynslóð til kynslóðar, upprunaleikinn sem fólgin er í safngripum og sá sannleikur sem lesa má úr þeim auk þess sem velt er upp spurningum um tengsl okkar við náttúruna og lögmál hennar.

Tengsl mannsins við eigin náttúru og tilvist hans sem viðfangsefnis vísinda og rannsóknna, jafnt á sviði félags- og raunvísinda, hafa fangað hug Ólafar. Söfn og sýni eru þekkingarbankar sem sannarlega er ætlað að sýna fram á vísindalegar staðreyndir. Í verkunum *Das Experiment Island* og *Musée Islandique* má glögg sjá hvernig ólíkir tímar bera fram sinn eigin sannleik sem er háður tíðaranda og ríkjandi viðhorfum hverju sinni. Í verkinu *Das Experiment Island* er hulunni svipt af gríðarlegu gagnasafni sem safnað var á síðari hluta 20. aldar og var ætlað að leggja grunninn að skilgreiningu á Íslendingum út frá líkamlegum einkennum, stétt, fæðingarstað og fleiru. *Musée Islandique* birtir hugmyndir Evrópubúa 19. aldar um Íslendinga sem framandi þjóð frá norðlægum slóðum. Í leiðngurum hingað til lands voru gerðar rannsóknir, mælingar og afsteypur af Íslendingum sem sýndu þetta hreina fólk sem bjó á norðurslóðum. Íslendingar samtímans eiga ef til vill erfitt með að sjá sig sem framandi eða samsama sig hugmyndinni um hreinleika kynstofns en á hverjum tíma er lestur þessara verka háður ríkjandi hugmyndum.

Nýjustu verkin á sýningunni eru *Forystufé, Móri* og *Fylgja*, öll frá árinu 2019. *Forystufé* birtir tignarleg portrett af sauðfé sem tilheyrir sjaldgæfum nánast útdauðum stofni íslensks forystufjár, lifandi safn gena sem í samtímanum eru lesin sem áhugaverð, einstök og þess verð að varðveita. Verkið birtir nafngreinda hrúta og ær sem sitja fyrir hjá listamanninum. Augnsambandið við dýrin birtir persónu hvers og eins og undirstrikar samband dýrs og manns, manns og náttúru, hvernig forystuféð hefur mótast af dyntum náttúrunnar, og tilvist þar sem samband manns og dýrs hefur áhrif á afdrif beggja. Verkið vekur spurningar um hverfuleika náttúrunnar og skiljanlegan áhuga samtímans á því sem er að hverfa.

Í verkunum *Móri* og *Fylgja* sækir Ólöf aftur í þrívíð form eins og í upphafi ferils síns. Í áraraðir hefur hún öðru fremur fundið hugmyndum sínum farveg í ljósmyndum jafnframt því að vinna skúlptúra í almannarými. Efniviður verkanna, mór og mold, er sóttur til jarðarinnar og sköpunarferli þeirra byggist á gömlum vinnuaðferðum sem einkenna sjálfbæran búskap fyrri tíma. *Móri* er hefðbundinn móhraukur á stalli en mór er aldagamalt jarðefni og í honum eru jurtaleifar frá því í árdaga. Hann gefur okkur sýn á tímann og afstæði hans, stutta en afdrifaríka dvöl mannsins á jörðinni og stutta ævi einstaklingsins í stóra samhenginu. Mór var áður fyrr notaður til eldsneytis og efninu staflað upp í forða með áþekktum hætti og sjá má í verkinu. Efnið öðlast nýtt samhengi í umhverfi safnsins á tímum þegar leitað er að sjálfbærum orkugjöfum í veröld þverrandi auðlinda. Nýjasta verk sýningarinnar, *Fylgja*, sýnir hefðbundnar torfhleðsluaðferðir nýttar til að móta áhrifamikinn skúlþ-

túr úr torfi. Jörðin er ný og fersk og mun með tímanum taka breytingum, bæði í áferð en einnig mun lífið sem hún bar inn á safnið þróast, örverur jarðvegsins breytast og þessi nýstárlegi en um leið fornlegi strúktur lifa eigin lífi.

Ólöf Nordal er fædd árið 1961 í Danmörku. Hún nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1981–85, við Gerrit Rietvelt Academie í Hollandi 1985, í Bandaríkjunum við Cranbrook Academy of Art 1989–91 og við höggmyndadeild Yale háskóla 1991–93. Verk Ólafar hafa verið sýnd á öllum helstu sýningarstöðum hér á landi en einnig alþjóðlega og eru hluti af safneignum helstu safna hérlendis. Ólöf er höfundur áberandi verka í almannarými og er þekktast þeirra *Búfa* sem stendur við höfnina í Reykjavík. Þeim hluta ferils hennar eru gerð sérstök skil á sýningu í Ásmundarsafni frá 11. nóvember og til janúar 2020.

Úngl er þriðja sýningin í röð árlegra sýninga á Kjarvalsstöðum þar sem sjónum er sérstaklega beint að ferli starfandi listamanna sem þegar hafa með fullmótuðum höfundareinkennum sett svip sinn á íslenska listasögu. Það er ósk okkar á Listasafni Reykjavíkur að sýningarskrárnar sem fylgja verði innlegg í þá stöðugu skoðun sem þarf að eiga sér stað á íslenskri myndlist og framlagi myndlistarmanna til íslenskrar menningar og samfélagsumræðu.

Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur, skrifar grunntexta þar sem hún fjallar á upplýsandi hátt um feril Ólafar. Hún greinir helstu viðfangsefni hennar og setur í fræðilegt samhengi. Í grein sinni fjallar franskir listfræðingurinn Didier Semin um verkið *Musée Islandique*. Þar endurspeglast sú nálgun Ólafar að fjalla um fortíð og nútíð í gegnum gripi sem einhverju sinni voru álitnir þekkingarskapandi og verðugt innlegg í akademískar rannsóknir en endurlit sögunnar gefur nýtt innihald. Ragnar Helgi Ólafsson, rithöfundur, kallar fram rödd listakonunnar sjálfar í samtali sem gefur tóninn inn í kaflann *Sögur*. Þar eru birtir sagnaþættir sem Ólöf hefur skráð og tengjast tilurð og hugmyndaheimi nokkurra verka hennar.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir,
sýningarstjóri

Úngl

The title of the exhibition, *Úngl*, refers to an Icelandic folk tale. The poet Kolbeinn Jöklaškáld and the Devil challenge each other to a rhyme-duel. The one who cannot provide the second part to the other's verse shall plunge into the ocean from the cliff where they sit. The battle goes on back and forth through the night until Kolbeinn utters lines including the word "tungl", or moon. In the Icelandic language there is no word that rhymes with it and the Devil gets angry. Kolbeinn however finishes the verse with his own invention, "úngl", referring to the wrist (úngliður) which pushes the Devil off the cliff. And down he goes! The poet is not disputed and his creative approach to language prevails. Creativity and the energy that comes with it provides a new truth, a new way of thinking or a new approach to an old subject. This is how artist Ólöf Nordal presents new truth through critical review of tales and cultural heritage. In all her work we see how she refers to her background and knowledge of Icelandic heritage in order to address various urgent contemporary issues.

This retrospective of Ólöf's work underlines the artist's unique position on the Icelandic art scene. Tales, national heritage and cultural motifs are a source of inspiration for her work in different media. By exploring the past, she raises questions about our present and our future. What is the heritage which shapes our identity today? What is truth and what is a lie? The exhibition stretches out into the museum hallways and revolves around guiding principles like originality, collection, earth and nature.

The oldest work on display, *Í rökkrinu* (In the Dusk), is a sculpture from 1992. Two shafts,

one white and one black, are decorated with traditional Icelandic patterns, and the carvings on the white shaft contain fish liver oil. In this work, the present meets the past, but the fish liver oil, an illuminant of old, underlines the title and the work's reference to the twilight, the unfathomable time between light and darkness, when anything can happen. Cultural motif and joint heritage are intangible forces which shape the viewer's opinion of Ólöf's art. You can't avoid thinking of access to, and awareness of, the knowledge and heritage which the artist seeks inspiration from. This is often in reference to uniquely Icelandic tales or phenomena which only a person who knows Icelandic cultural heritage can fully access. However, an awareness of the veracity and origin of the references found in the works is not necessary for the work to gain life and their own truth, once viewed. Each generation reads the past in their own way and creates their own truth when viewing the works.

Many of Ólöf's works are inspired by written and oral folktales, tales which have travelled between people and been shaped by oral tradition. Where is the truth in the folktale and how does it develop? Does there exist an original and "true" version of the folktale? How are today's folktales created and wherein lies their originality? In her work, *Skoffín*, Ólöf shows an image of a stuffed skoffín which is preserved at the Icelandic Institute of Natural History in Akureyri. The skoffín came from Flateyjaralur and its registration is accompanied by a story of how it was discovered. For decades, this story was not questioned but has now been doubted because of advances in genetic research. Does the folktale lose its value when science

unveil its own side of the truth? This work combines the three main elements in Ólöf's work: The truth which the folktale carries between generations, the originality in museum pieces and the truth we can learn from them, and finally questions are raised about our connection to nature and its principles.

Man's connection to nature and his existence as the subject of science and research, in social and natural science alike, has captured Ólöf's imagination. Collections and samples are knowledge bank which are intended to prove scientific facts. In the artworks *Das Experiment Island* and *Musée Islandique*, you can clearly see how different times present their own truth which is dependent on the spirit of the times and the ethos of each era. In *Das Experiment Island*, the artist unveils an enormous database which was collected during the second half of the 20th century, when the plan was to categorise Icelanders based on physical characteristics, class, place of birth and so on. *Musée Islandique* shows the ideas of other Europeans about Icelanders in the 19th century as an exotic, northern nation. Expeditions were carried out to Iceland, where people were examined, measured and casts taken of them, in order to show this "pure" people who lived in the north. Today, Icelanders might find it hard to think themselves exotic, or to identify with these ideas of a pure race, but the interpretation of these works depends on the prevailing ideas of any given time.

The most recent works in the exhibition are *Leader Sheep*, *Móri* and *Fylgja* (Spirit), all from 2019. *Leader Sheep* consists of majestic portraits of sheep which belong

to a rare, almost extinct stock of Icelandic leader sheep, a living collection of genes which today are seen as interesting, unique and worth preserving. The sheep and rams have names and they pose for the artist. In making eye contact with the animals, we see the character of each one, underlining the relationship between animal and man, man and nature, how the leader sheep have been shaped by the whims of nature, and an existence where the connection between man and animal affects the destinies of both. The work raises questions about the fleetness of nature and an understandable interest in things which are disappearing.

In *Móri* and *Fylgja*, Ólöf returns to the three-dimensional forms of her early career. For years, she has mostly used photographs and public art projects to channel her ideas. The material, peat and earth, comes from the earth itself, and the creation process is based on old methods which were typical for the sustainable farming of old. *Móri* is a traditional stack of peat on a pedestal, but formerly peat was used as fuel, and stacked in a similar fashion to this. The material gains a new context in the museum environment, as we search for sustainable sources of energy in a world of non-renewable sources. In the latest work in the exhibition, *Fylgja*, traditional turf laying methods are used to create an impressive turf sculpture. The earth is new and fresh and will in time undergo transformation in texture, but also in the life which it brings into the museum, the microorganisms in the earth will change and this unusual, yet ancient, sculpture takes on a life of its own.

Ólöf Nordal was born in Denmark in 1961. She studied at the Icelandic College of

Art and Crafts 1981–85, at Gerrit Rietvelt Academie in Holland 1985, at Cranbrook Academy of Art, USA, 1989–91, and in the sculpture department at Yale University, USA, 1991–93. Ólöf's work has been exhibited in all major exhibition spaces in Iceland, but also internationally and are a part of the collection of the main museums in Iceland. Ólöf has created many striking works in public spaces, the best known is *Tussock* which stands down in Reykjavík Harbour. This part of her career is covered in an exhibition in Ásmundarsafn from 11 November until January 2020.

Úngli is the third of a series of annual exhibitions at Kjarvalsstaðir that survey the career of contemporary artists who already have made their definitive mark on Icelandic art history. We at the Reykjavík Art Museum intend these publications to be a part of the constant exploration which must be carried out of Icelandic art history, and the important contribution artists make to Icelandic culture and social discourse.

Art historian Æsa Sigurjónsdóttir provides a fundamental text in which she reflects Ólöf's career in an informative way. She identifies her main subjects and places them in a theoretical context. In his article, French art historian Didier Semin discusses the work *Musée Islandique*. The article reflects on Ólöf's method of addressing the past and the present through artefacts that were once thought to provide knowledge and to be worthy contributions to academic research, but the review of history provides new context. Writer, Ragnar Helgi Ólafsson, evokes the voice of the artist herself in a conversation that sets the tone for the *Stories* chapter. In the chapter are stories written by Nordal, stories related to the background and ideas reflected in some of her works.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir
Curator

Ólöf Nordal
Úngl

19.10.2019–05.01.2020

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir
Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir

Sýningarstjóri Curator
Ólöf Kristín Sigurðardóttir

Sýning þessi er hluti af því markmiði Listasafns Reykjavíkur að rannsaka og kynna feril mikilsverðra starfandi listamanna. Vegleg sýningar skrá, á íslensku og ensku, fæst í safnverslun.

This exhibition is a part of the museum's aim to research and present the works of significant local artists. A comprehensive catalogue in English and Icelandic is available in the museum shop.

Ólöf Nordal
Úngl-Úngl

09.11.2019–02.02.2020

Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn
Reykjavík Art Museum – Ásmundarsafn

Sýningin í Ásmundarsafni beinir sjónum að verkum Ólafar Nordal í almannarými. Hún er í samhengi árs listar í almannarými hjá Listasafni Reykjavíkur.

The exhibition in Ásmundarsafn reflects Ólöf Nordal's art in public space. It is part of Reykjavík Art Museum's 2019 year of public art.



Dagskrá Programme

Leiðsögn sýningarstjóra
Curator's Talk

Sunnudagur 10. nóvember kl 15:00
Leiðsögn sýningarstjóra
Sunday 10 November at 15h00
Curator's Talk

Sunnudag 24. nóvember kl. 15:00
Leiðsögn listamanns
Sunday 24 November at 15h00
Artist's Talk

Nánari upplýsingar um leiðsagnir og dagskrá á heimasíðu safnsins.
Further information on guided tours and programme on museum website.

Stórir og smáir hópar geta bókað sér leiðsögn.
Small or large groups can book guided tours.

Þakkir Thanks
Nói Sírius
Guðjón Stefán Kristleifsson
og torfhleðsluteymi hans
Gunnlaugur Sigfússon
Sveitarfélagið Árborg

Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem lánuðu verk á sýninguna.
The Reykjavík Art Museum thanks those who kindly lent works for the exhibition.

Sýningin hlaut styrk úr Myndlistarsjóði og Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar.
The exhibition was granted support from the Icelandic Visual Arts Fund and the Pálmi Jónsson Nature Conservation Fund.

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opíð daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual
Arts Fund

NÁTTÚRUVERNDARSKÖBUR
PÁLMA JÓNSSONAR
STOFNANNA HAGGAUPLS

